

Nd.

655. Breytingartillögur

[50. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á launum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. A-liður orðist svo: kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi, þar með talinn hluti launa sem haldið hefur verið eftir af vinnuveitanda samkvæmt VII. kafla laga nr. 60/1984.
2. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaðinu. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.